

Staðfestingargjald / Gjald fyrir innflutningseftirlit

Pegar umsóknin um innflutningsleyfi hefur verið afgreidd, fær umsækjandi senda tilkynningu um veitingu innflutningsleyfis og innan fjögurra vikna frá dagsetningu þess bréfs skal greiða staðfestingargjald í samræmi við gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar. Fjárhæðin er kr. 24.000,- (m.v. gjaldskrá sem gefin var út í mars 2010) en þetta gjald er ekki hluti af kostnaði við einangrun en eftirfarandi er innifalið í gjaldinu:

- Vottun yfirdýralæknis á heilbrigðis- og upprunavottorði.
- Eftirlit héraðsdýralæknis (heilbrigðissskoðun og skoðun tilskildra vottorða) á innflutningsstað
- við komu dýrsins.
- Eftirlit héraðsdýralæknis (heilbrigðissskoðun og skoðun heilsufarsskýrslu) í einangrunarstöð
- áður en dýrið yfirgefur stöðina.

Ef hætt er við innflutning er helmingur staðfestingargjalds endurkræfur.

Tollur – Tollstjórinn á Suðurnesjum

Innflytjendum hunda og katta er bent á að greiða þarf virðisaukaskatt (24,5 %) af kaupverði og flutningsgjaldi dýrsins við innflutning. Hafi eigandi dýrs hins vegar búið erlendis í meira en 1 ár og er að flytjast búferlum til Íslands er mögulegt að fá undanþágu frá þessari skattheimtu (nánari upplýsingar varðandi þetta fást hjá Tollstjóranum á Suðurnesjum). Þar sem um er að ræða lifandi dýr er gefinn 14 daga greiðslufrestur frá komu dýrsins til landsins. Innflytjendum er skylt að leggja fram tollskýrslu hjá tollstjóra, þ.á.m. vörureikning þar sem fram koma upplýsingar um nöfn og heimili seljanda og kaupanda; útgáfustað- og dag; hvenær sala fór fram og greiðsluskilmála. Tollayfirvöld munu eftir því sem þurfa þykir meta þær upplýsingar sem gefnar eru í skýrslunni og framkvæma annað nauðsynlegt eftirlit eftir því sem ástæða verður talin til. Nauðsynlegt er að vanda til skýrslugerðar þar sem rangar eða villandi upplýsingar í tollskýrslu geta bakað viðkomandi refsíabyrgð.

Nánari upplýsingar er að finna á www.tollur.is.

Hafa skal samband við Tollstjóran á Suðurnesjum í síma 569-1780 til að ganga frá greiðslu.

Þjónustu og afgreiðslugjald – Icelandair Cargo

Vegna dýra sem flutt eru inn sem frakt (þ.e. er ekki sem hluti af farangri) er innheimt þjónustu- og afgreiðslugjald. Þetta gjald er háð þyngd sendingarinnar. Ganga verður frá greiðslu á þjónustu- og afgreiðslugjöldum áður en dýrið er afhent úr einangrunarstöð að lokinni einangrun.. Vinsamleg tilmæli eru um að á farmbréfi (AWB) séu upplýsingar um 24 klst símanúmer sem hægt er að ná sambandi við innflytjanda í til að hraða frágangi greiðslu. Bent er á að hægt er að ganga frá greiðslu þjónustu- og afgreiðslugjalds með símgreiðslu. Hafa skal samband við Fraktafgreiðslu Icelandair Cargo í síma 505-0508 til að ganga frá greiðslu.

Þjónustu og afgreiðslugjald – Cargo Express

Vegna dýra sem flutt eru inn sem frakt (þ.e. er ekki sem hluti af farangri) er innheimt þjónustugjald, afgreiðslugjald og AVI sérþjónustugjald. Þjónustu- og afgreiðslugjald er háð þyngd sendingarinnar en AVI sérþjónustugjaldið er óháð þyngd. Greiðslumáti er á þann veg að sendur verður greiðsluseðill til innflytjanda

svo engin töf myndist, við afgreiðslu dýrs í einangrun, meðan beðið er eftir greiðslu. Á farmbréfi (AWB) þurfa að koma fram allar upplýsingar um innflytanda t.a.m. símanúmer svo hægt sé að ná sambandi við innflytjanda og heimilsfang til að skrá dýrið inn í landið. Hægt er að fá nánari upplýsingar varðandi þetta mál á skrifstofu Cargo Express í síma 550 0682 eða 550 0683.

Bent er á að óleyfilegt að afhenda dýr úr einangrun fyrr en virðisaukaskattur og flutningsgjöld hafa verið greidd.

Einangrun

Upplýsingar um gjald vegna einangrunar veita starfsmenn einangrunarstöðvanna.

Einangrunarstöð Reykjanesbæjar, Höfnum

Sími: 421 6949 / 698 0518

Netfang: einangrun@einangrun.is

Veffang: www.einangrun.is

Hvatastaðir ehf, Einangrunarstöð gæludýra Hrísey

Sími: 466 2089 / 695 1968

Netfang: hvatastadir@hvatastadir.is

Veffang: hvatastadir.is

- Janúar 2011